

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi á milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hefur innviðaráðuneytið staðfest samkomulag Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar frá 11. maí 2022 um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar frá 8. mars 2022 og samþykkt sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 12. apríl 2022.

Færsla staðarmarkanna er samkvæmt eftirfarandi mælipunktum í hnitaskrá samkvæmt landshnita-kerfinu ISNET-93 eins og sýnt er á uppdrætti sem er fylgiskjal samkomulagsins en við breytinguna flytjast alls 1,5 km² inn fyrir staðarmörk Akraneskaupstaðar:

Nr.	Austur [m]	Norður [m]
AK1	352884	426915
AK2	352929	426789
AK3	353296	427176
AK4	353522	426996
AK5	354157	427799
AK6	353919	427994
AK7	354670	428833
AK8	354895	428834
AK9	355128	428966
AK10	355417	429180
AK11	356159	428885
AK17	356480	429482
AK15	355165	430278
AK16	354682	430181

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 2. júní 2022.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 23. júní 2022